

17. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 27. mars 2012 kl. 8:15.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði.

Dagskrá:

1. Skóladagatal næsta skólaárs

Skóladagatal Lækjarskóla fyrir skólaárið 2012-2013 var afgreitt og samþykkt af skólaráði með öllum greiddum atkvæðum.

2. Samstarf Lækjarskóla og Setbergsskóla í valgreinum

Næsta skólaár verður Lækjarskóli og Setbergsskóli með samstarf á unglíngastigi í valgreinum 9. og 10. bekkjar. Tilgangurinn með samstarfinu er að stuðla að fjölbreyttari möguleikum í vali nemenda sem gerir hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra.

3. Drög að viðmiðunarreglum um samskipti leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar við trúar- og lífsskoðunarfélög

Drögin kynnt fundarmönnum.

4. Frá foreldrafélagi

- Heilsdagsskólinn. Fulltrúar foreldrafélagsins hafa fundað með fulltrúum frá ÍTH og forstöðumanni heilsdagsskóla. Rætt var um málefni heilsdagsskóla.
- Vorhátíðin er framundan.

5. Frá nemendaráði

- Árshátíð unglíngadeildar verður haldin 28. mars. Undirbúningur er í fullum gangi og þátttaka er mjög góð. Þema kvöldsins er Disney og matur kemur frá Skólamat eins og í fyrra.
- Nemendur í 10. bekk stóðu fyrir bingói síðastliðinn föstudag sem tókst mjög vel, söfnunin er liður í fjáröflun fyrir útskriftarferð þeirra í vor. Fjáröflun fyrir ferðina hefur verið öflug í vetur og gengið vel.

6. Önnur mál

- Gaflarakaffi, málþing um skólamál, var haldið s.l. laugardag þar sem fram fór margvísleg umræða um skólamál í Hafnarfirði. Þrjár málstofur voru í gangi og þátttaka góð. Niðurstöður málþingsins verður hægt að nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.
- Framfarastuðull var kynntur nefndarmönnum.
- Nemendur fjölgreinadeildar eru nýkomnir heim eftir vel heppnaða ferð til Kaupmannahafnar. Þeir heimsóttu nemendur í vinaskóla sínum, Christianskolen. Síðast liðið vor komu nemendur úr þeim skóla í heimsókn til Íslands. Góð samvinna hefur verið á milli skólanna undanfarin ár.

Fundi slitið kl. 9:27

Fundinn sátu:

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri
Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra
Elma Karen Sigþórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra
Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Hrönn Arnardóttir, fulltrúi kennara
Margrét Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara
Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna
Dagbjört Sól Guðlaugsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda.
Árni Geirsson, nemendaráði, fulltrúi nemenda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir